

Tillaga að ályktun um Suðurfjarðagöng

68. Fjórðungsþing Vestfirðinga, haldið í Bolungarvík 6.-7. október 2023, ályktar að næstu göng á Vestfjörðum verði Suðurfjarðagöng, þ.e. göng undir Mikladal og Hálfán.

Greinargerð

Hálfán og Miklidalur er augljós farartálmi og skapar mikið hættuástand allt árið um kring. Árið 2019 var Bíldudalsvegur dæmdur ónýtur með öllu af Vegagerðinni, göngin munu leysa hluta af því vegakerfi af. Um er að ræða göng sem leysa af tvo fjallvegi milli byggðarlaga. Annars vegar [Mikladal sem er fjölfarnasti fjallvegur](#) á Vestfjörðum en meðalumferð á dag yfir landið 355 bílar á dag árið 2022 og hins vegar [Hálfán sem er hæsti fjallvegur](#) Vestfjarða ásamt Dynjandisheiði. Núverandi veg er ekki hægt að gera við nema að fara í algjöra endurnýjun vegarins, hann er of mjór, of mikill hliðarhalli er á veginum, hann er í hættulegum hlykkjum og hluti vegarins er með 12% halla sem er langt umfram viðmið. Suðurfjarðagöng eru ekki einungis innan þess sem á að kallast sama búsetu-, þjónustu- og atvinnusvæðis heldur innan sama sveitarfélags og milli þriggja stærstu þéttbýliskjarna þeirra sveitarfélaga sem nú eru í sameiningarviðræðum. Í þessum þremur þéttbýliskjörnum er fiskeldi einnig komið hvað lengst, uppbygging innviða bæði á vegum fyrirtækja og sveitarfélagsins komin hvað lengst og mesti útflutningur afurða úr fiskeldi á árinu 2023 kom frá sunnanverðum Vestfjörðum. Flutningur á þessum afurðum hefur staðið yfir í mörg ár án þess að vegakerfið hafi verið bætt að neinu leiti.

Lítill heilbrigðisþjónusta er á Tálknafirði og Bíldudal og þarf því að fara um einn til tvo fjallvegi til að sækja almenna heilbrigðisþjónustu eða fá bráðaþjónustu. Einnig er vert að hafa í huga að allt sjúkraflug á sunnanverða Vestfirði er á Bíldudalsflugvelli, þ.e.a.s. tveim háum og hættulegum fjallvegum frá Heilbrigðisstofnun Vestfjarða á Patreksfirði.

Í könnun sem Rannsóknamiðstöð Háskólans á Akureyri vann fyrir Vestfjarðastofu árið 2022 voru niðurstöður sláandi um hversu hátt hlutfall íbúa sunnanverðra Vestfjarða veigra sér að fara milli byggðarlaga annars vegar vegna lélegra samgangna og hins vegar vegna lélegrar vetrarþjónustu. 76% íbúa sunnanverðra Vestfjarða voru frekar sammála eða mjög sammála fullyrðingunni “Ég veigra mér við að fara á milli byggðarlaga vegna lélegra samgangna” Enn meiri munur er á þeim sem eru sammála fullyrðingunni um að veigra sér við að fara á milli byggðarlaga vegna lélegrar vetrarþjónustu en 86% íbúa voru sammála fullyrðingunni, þar af voru 62% mjög sammála fullyrðingunni. Þar að auki eru 7% þeirra sem tóku þátt í könnuninni sem fara aldrei um Mikladal og Hálfán að vetri til. Er þessi hlutföll mun hærri en það sem á við um aðra hluta Vestfjarða.

Unnið er að sameiningu sveitarfélaganna Vesturbyggðar og Tálknafjarðarhrepps sem kosið verðum um núna í október. Hefur komið fram skýr krafa íbúanna að Suðurfjarðagöng séu forsenda þess að svæðið sé eitt atvinnusvæði og hægt sé að byggja upp öflugt samfélag.

Suðurfjarðagöng:

- Eykur öryggi á vegum allan ársins hring
- Kemur að hluta til í stað vegkafla sem hafa verið metnir ónýtir af Vegagerðinni
- Tengja byggðakjarna innan sama sveitarfélags
- Eru sett í forgang í sameiningaviðræðum Tálknafjarðarhrepps og Vesturbyggðar
- Taka út tvo fjallvegi innan sama sveitarfélags, þann hæsta og þann fjölfarnasta
- Eru á því svæði sem hlutfallsleg fjölgun íbúa hefur verið hvað mest undanfarin ár og er á mesta vaxtasvæði Vestfjarða, bæði m.t.t. atvinnuþróunar og íbúafjölda

Flutningsmenn: Vesturbyggð